

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1943.

*Auglýsing um lækkun verðtolls af farmgjöldum, undirskrifuð í fjármála-ráðuneytinu 2. maí 1943, nr. 131.*

*Auglýsing um hververnd Íslands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 28. desember 1943, nr. 132.*

### SAMÞYKKT

266

#### um lokunartíma sölubúða í Siglufirði.

16. júní

##### 1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna, kaupfélaga og heildsala skal loka eftir því, er segir í 2., 3., 4. og 5. gr. Lyfjabúðir, sem verzla með varning, sem verzlunarleyfi þarf til að verzla með, mega ekki selja slíkan varning eftir lokunartíma sölubúða.

##### 2. gr.

Á tímabilinu frá 1. október til 1. júní skulu sölubúðir lokaðar virka daga frá kl. 6 síðdegis til kl. 9 árdegis, á laugardögum þó frá kl. 1 síðdegis. Frá 1. júní til 30. september skal sölubúðum lokað frá kl. 6 síðdegis til kl. 8½ árdegis. Á laugar-dögum þó frá kl. 5 síðdegis. Á nefndu tímabili skal þó heimilt að hafa lokað á föstudögum frá kl. 7 síðdegis.

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld og laugardag fyrir páska og hvítasunnu skal sölubúðum eigi lokað síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir gamlárskvöld og aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum búðum til miðnættis.

##### 3. gr.

Sölubúðum skal lokað alla helgidaga, sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágúst, 1. maí, 1. desember, 17. júní og 20. maí.

##### 4. gr.

Á lokunartíma sölubúða samkvæmt framanskraðu er óheimilt að selja á strætum eða torgum nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja nauðsynjar til skipa á lokunartíma, en þó aðeins fyrir lokuðum dyrum.

##### 5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlanir fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er, þó ekki lengur en hálf tíma.

##### 6. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

Einnig er lögreglustjóra heimilt að fyrirskipa lokun sölubúða einn dag í einu eftir áskorun bæjarstjórnar.

##### 7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renni sektirnar í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

266

16. júní

S. gr.

Samþykkt um lokunartíma sölubúða í Siglufirði frá 14. jan. 1938 er hér með úr gildi felld.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur gert, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1943.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

267

## VÍSITALA

framfærslukostnaðar í Reykjavík árið 1943.

Í janúar .....	263 stig	Í júlí .....	245 stig
- febrúar .....	262 —	- ágúst .....	247 —
- marz .....	262 —	- september .....	262 —
- apríl .....	261 —	- október .....	260 —
- maí .....	249 —	- nóvember .....	259 —
- júní .....	246 —	- desember .....	259 —

268

## HÚSALEIGUVÍSITALA

Fyrir tímabilið frá 14. maí til 30. júní 1943 .....	132 stig
Fyrir þriðja ársfjórðung 1943 .....	132 —
Fyrir fjórða ársfjórðung 1943 .....	135 —

269

## SKRÁ

yfir hlutafélög, sem birt hafa verið í Lögbirtingablaðinu 1943.

1. Jón Arnbjörnsson h.f., Reykjavík.
2. Andvari h.f., Akranesi.
3. Brú h.f., Akranesi.
4. Ásmundur h.f., Akranesi.
5. Þórður Ásmundsson h.f., Akranesi.
6. Hraðfrystihúsið Heimaskagi h.f., Akranesi.
7. H.f. Vikur, Hveragerði.
8. Haraldarbúð h.f., Reykjavík.
9. H.f. Grímur, Borgarnesi.
10. H.f. Skrúður, Kleppjárnsreykjum í Reykholtshreppi.
11. Grótti h.f., Vatneyri.
12. Hraðfrystihúsið Norðurtangi h.f., Ísafirði.